

## Efnistaka í Minnivallanámu, Rangárþingi ytra

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 8. febrúar 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landefni ehf. um efnistöku í Minnivallanámu í Rangárþingi ytra, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Efnistaka í Minnivallanámu, Rangárþingi ytra. Matsskyldufyrirspurn. Landefni ehf. - Efla verkfræðistofa janúar 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi ytra dags. 6. mars 2024,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 5. mars 2024,
- Minjastofnun Íslands dags. 5. mars 2024,
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 6. mars 2024,
- Umhverfisstofnun dags. 11. mars 2024,
- Vegagerðin dags. 5. mars 2024.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í aukinni efnistöku á allt að 70.000 m<sup>3</sup> af efni á 6,8 ha svæði úr Minnivallanámu í landi Minni-Valla í sveitarfélaginu Rangárþingi Ytra. Efnistaka hefur verið stunduð í námunni í áratugi og áætlað er að um 20.000 m<sup>3</sup> af efni hafi verið teknir úr námunni á um 1,4 ha svæði. Efnistaka mun fara fram innan núverandi efnistökusvæðis sem þegar er raskað og á 5,4 ha óröskuðu svæði.

#### 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landefnis ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

##### Áhrif á grunnvatn og vatnsvernd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé innan fjarsvæðis vatnsverndar skv. aðalskipulagsupprætti Rangárþings ytra, vegna vatnsbóla við Tvíbytnulæk og við Kerauga. Til að draga úr líkum á mengunarslysum verði ástand vinnuvéla tryggt þannig að olía leki ekki úr þeim. Engin mengandi efni verði geymd á svæðinu. Viðeigandi lekavarnir, þ.e. lekamottur og lekabyttur, verði á svæðinu til að koma í veg fyrir að olía og spilliefni berist í jarðveg ef vinnuvél lendi í óhappi.



Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er bent á að efnistökusvæðið muni teygja sig í áttina að mörkum fjarsvæðis og grannsvæðis vatnsverndar. Því sé afar mikilvægt að framkvæmdaraðili fylgi þeim mótvægisáðgerðum sem hann boði sem og þeim kröfum um mengunarvarnir, starfshætti og öryggis- og viðbragðsáætlanir sem kunni að vera settar í starfsleyfi og/eða framkvæmdaleyfi fyrir starfseminna.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er mælt til þess að tilgreindar séu aðgerðir til að koma í veg fyrir mengunarslys og eins að til séu viðbragðsáætlanir ef mengunarslys verði innan svæðisins.

#### **Áhrif á jarðmyndanir**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé á Þjórsárhrauni sem rann fyrir um 8.600 árum og sé stærsta hraun á Íslandi bæði að flatarmáli og rúmmáli. Hraunið sé mjög umfangsmikið og þeki stóran hluta Suðurlandsundirlendisins. Stór hluti Þjórsárhrauns sé í dag horfið undir yngri gosmyndanir og/eða gróður.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis hafi Þjórsárhrauninu nú þegar verið raskað að hluta vegna efnistöku, bæði við Minnivallanámu og einnig um 3 km suðvestan við hana þar sem önnur og umfangsmeiri bergnáma sé í notkun. Í nálægð námanna beggja liggja háspennulína og línuslóði yfir hraunið. Þetta rask á yfirborði hraunsins verði hvorki bætt né endurheimt og raskið dragi úr verndargildi hraunsins. Samlegðaráhrif efnistökusvæðanna séu mikil og aukin efnistaka innan svæðisins muni draga enn frekar úr verndargildi hraunsins. Vegna sérstöðu og verndargildis Þjórsárhrauns telur stofnunin mikilvægt að á þeim svæðum sem enn séu óröskuð sé leitast við að varðveita yfirborð hraunsins og hvetur til verndar á óröskuðum hluta Þjórsárhrauns. Þá hvetur stofnunin til góðrar umgengni innan námusvæðisins, að stuðlað verði að góðri nýtingu með því að áfangaskipta efnistökkunni og koma í veg fyrir að yfirborði hraunsins sé raskað að óþörfu.

Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að efnistakan sé í eðli sínu óafturkræf framkvæmd og muni valda óafturkræfu raski á hrauni sem njóti sérstakrar verndar. Stofnunin telur að áhrif ofangreindrar framkvæmdar liggja ljós fyrir og telur ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

#### **Áhrif á vistgerðir**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að þegar hafi um 1,4 ha lands verið raskað vegna efnistöku í Minnivallanámu og sé sá hluti gróðurlaus. Fyrirhugað efnistökusvæði sé um 5,4 ha, að mestu óraskað svæði í beinu framhaldi af núverandi efnistökusvæði. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands sé svæðið að mestu skilgreint sem sanda- og vikravist, melagambravist og lyngmóavist á láglendi en verndargildi þeirra er lágt, miðlungs og hátt. Jarðvegi ofan á hrauninu innan efnistökusvæðisins verði ýtt til hliðar og hann síðan notaður til yfirbreiðslu að efnistöku lokinni.

#### **Áhrif á fuglalíf**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sé innan Suðurlandsundirlendisins og skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Svæðið sem raskast sé lítið hlutfall af heildarþúsvæði svæðisins, fuglalíf sé fábreytt og fjöldi einstaklinga lítill. Áhrifin séu tímabundin á meðan efnistöku standi en að henni lokinni ættu tegundir svæðisins að geta snúið aftur á svæðið. Fuglategundir sem helst verði fyrir áhrifum séu allar mjög algengar um land allt.

#### **Áhrif á landslag og ásýnd**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að landslag á svæðinu sé fremur flatt með smáum hraunhæðum, en þunn jarðvegsþekja sé ofan á hrauninu. Rask verði vart sýnilegt frá nálægum leiðum sökum hæða í landslagi og þess að vinnslusvæðið verði niðurgrafið.



## Áhrif á menningarminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að nokkrar minjar séu skráðar í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en engar innan afmörkunar fyrirhugaðs efnistökusvæðis.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að minjavörður hafi farið á vettvang og tekið svæðið út með tilliti til gamalla húsa, mannvirkja og fornleifa. Minjar sé ekki að sjá innan svæðis en beitahúsatóftir séu í um 200 m fjarlægð til vesturs. Gamla bæjarstæði Minnivalla sé í um 300 m fjarlægð til vestsuðvesturs. Fjargata liggja fast austan við syðri hluta fyrirhugaðrar námu sem ætti þó að sleppa við rask miðað við útmörk skipulagssvæðis. Minjavörður geri ekki athugasemd við fyrirhugaða námu en minni á að beita stórvirkum vinnuvélum vægilega og fara ekki út fyrir skipulagssvæði með framkvæmdir.

## 5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028. Skipulagsstofnun bendir á að breytingin er að mati stofnunarinnar veruleg og því ber að fara með hana skv. 30.-32. gr. skipulagslaga.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárþing ytra skv. skipulagslögum og leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða felst í aukinni efnistöku á allt að 70.000 m<sup>3</sup> af efni á 6,8 ha svæði úr Minnivallanámu í landi Minni-Valla í Rangárþingi Ytra. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, mengun sem varða framkvæmdina og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða framkvæmd og starfsemi sem er að hluta til innan raskaðs svæðis vegna fyrri efnistöku en fyrirhuguð aukning mun auka rask um 5,4 ha. Framkvæmdin mun raska hrauni sem fellur undir ákvæði laga um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um sérstaka vernd tiltekinnar vistkerfa og jarðminja. Samkvæmt því ber að forðast röskun þeirra nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Lögð er áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Skipulagsstofnun tekur undir með



Náttúrufræðistofnun Íslands um að hraunið hafi að nokkru leyti misst verndargildi sitt vegna fyrri efnistöku auk þess sem um er að ræða hraun sem er þakið jarðvegi að hluta. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verða staðbundin og óafturkræf á jarðmyndun Þjórsárhrauns sem njóti verndar en aukin efnistaka innan svæðisins muni draga enn frekar úr verndargildi þess. Stofnunin telur brýnt að í framkvæmdaleyfi verði efnistakan áfangaskipt þannig að sem minnstur hluti efnistökusvæðisins verði opin hverju sinni. Auk þess verði kveðið á um frágang þannig að ummerki verði í algjöru lágmarki og verndargildi svæðisins rýrni ekki umfram það sem lagt er upp með. Með stækkun námunnar má gera ráð fyrir að hún verði sýnilegri frá Landvegi. Engu að síður telur Skipulagsstofnun að stækkuð náma verði lítt áberandi frá veginum og sjónræn áhrif takmörkuð.

Varðandi áhrif á grunnvatn, skal skv. lögum um stjórn vatnamála vernda grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Náman er staðsett yfir grunnvatnshlotinu Tungnaárhraun sem skilgreint er með mikið grunnvatnsstreymi og viðamikíð. Í ljósi umfangs og eðli starfsseminnar og þess að starfsemin felur ekki í sér losun efna í jarðveg eða grunnvatn og ekki verða geymd mengandi efni á efnistökusvæðinu, er það mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin er ólíkleg til að leiða til þess að ástand grunnvatnshlotsins versni, en Skipulagsstofnun leggur áherslu að tryggt verði eftir fremsta megni að mengandi efni berist ekki í jarðveg. Skipulagsstofnun telur að ekki eigi að vera hætta á neikvæðum áhrifum á grunnvatn við fyrirhugaða framkvæmd.

Skiplagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að þeir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. Vistgerðir og tegundir fugla á svæðinu teljast algengar á suðurlandi og útbreiddar hér á landi en verndargildi lyngmóavistar á láglandi er metið hátt og er vistgerðin á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í ljósi takmarkaðs umfangs og útbreiðslu viðkomandi vistgerða og fuglalífs á svæðinu, telur Skipulagsstofnun áhrifin á fyrrnefnda umhverfisþætti verða óveruleg ef verktilhögun verður með þeim hætti sem boðað hefur verið.

Minjar er ekki að sjá innan svæðisins, en Skipulagsstofnun tekur undir með Minjastofnunar að beita skuli stórvirkum vinnuvélum vægilega og að ekki verði farið út fyrir skilgreint skipulagssvæði.

Með hliðsjón af umfangi, eðli og staðsetningu telur Skipulagsstofnun að áhrif af fyrirhugaðri aukningu á efnistöku verði óafturkræf varðandi jarðmyndanir, en óveruleg á aðra umhverfisþætti en ljóst er að staðbundið mun ásýnd svæðisins taka nokkrum breytingum.

### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. maí 2024.

Reykjavík, 9. apríl 2024

Sigurður Ásbjörnsson

Jón Smári Jónsson

